



Borgarráð

Samstarfssamningur við ÍBR

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 5. janúar 2024 var lagt fram bréf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs dags. 3. janúar 2024 varðandi samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur f.h. íþróttafélaganna í borginni.

Samstarfssamningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.

Virðingafyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri.

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi  
milli Reykjavíkurborgar og  
Íþróttabandalags Reykjavíkur

## SAMSTARFSSAMNINGUR

### Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. íþróttafélaga í Reykjavík

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Íþróttabandalag Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR), kt. 670169-1709, f.h. aðildarfélaganna sinna, hér eftir nefndir samningsaðilar, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning. Samningurinn kveður á um samskiptamál, styrkveitingar, rekstur, framkvæmdir og önnur sameiginleg hagsmunamál.

#### 1. gr.

Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði ~~áfram~~ fjölbreytt og kraftmikið, borgarþúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarþúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingsstarfi en einnig í afreksíþróttastarfi, almenningsíþróttum og hreyfingu eldri borgara.

Markmið samningsins er að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 og samþykktari aðgerðaráætlun.

#### 2. gr.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt MÍT) og stjórn ÍBR bera ábyrgð á ~~annast framgang~~ samningi þessum. Framkvæmdastjóri/sviðsstjóri og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila og framkvæmd. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers íþróttafélags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt skrifstofum menningar- og íþróttasviðs (hér eftir nefnt MÍR) og ÍBR grein fyrir starfsemi félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar liggur fyrir gefur ÍBR út greiðslufirilit eigi síðar en 1. febrúar komandi ~~yfirstandandi~~ árs til handa þeim félögum sem þiggja styrki samkvæmt samningi þessum. Þar koma fram upphæðir þeirra styrkja sem þeim verður úthlutað og helstu atriði sem félögin þurfa að standa skil á samkvæmt samningi þessum til að fá greiðslur.

#### 3. gr.

Formaður/framkvæmdastjóri íþróttafélags er í forsvari fyrir aðalstjórn félagsins varðandi samning þennan og fyrirvarsmaður gagnvart ÍBR og Reykjavíkurborg. Fulltrúi stjórnar íþróttafélagsins, tekur þátt í að samræma starf þeirra aðila er vinna að íþrótt- og tómstundamálum í því hverfi sem félagið starfar. Má þar nefna frístundamiðstöðvar, lögreglu, skóla, önnur æskulýðssamtök og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Hverfisfélag er svæðisbundið félag, sem ætlað er að þjóna tilteknu svæði í Reykjavík og stundar meginhluta starfsemi sinnar þar. Gert er ráð fyrir, að félagið eigi, eða hafi aðgang að íþróttasvæði og íþróttahúsi í hverfinu.

Félagið stundi a.m.k. 3 íþróttagreinar, þ.m.t. minnst tvær hópíþróttir. Allar íþróttagreinar skulu vera öllum opnar í samræmi við aldurs- og kynflokkun. Að auki skulu hverfisfélag tryggja framboð á einstaklingsíþróttum, ýmist sjálf eða í samstarfi við aðra.

Félagið sinni barna- og unglíngastarfi grunnskóla í a.m.k. 3 íþróttagreinum (þar af minnst tvær hópíþróttir) sem uppfylla kröfur um deild. Félagið haldi uppi virkri starfsemi allt árið.

Deild með eina íþróttagrein hefur virkt barna- og unglíngastarf fyrir drengi, stúlkur og stálp á grunnskólaaldri eftir því sem greinin og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Miðað er við að deild þurfi að hafa a.m.k. 20 virka og fullgilda iðkendur á grunnskólaaldri til að geta talist vera með virkt barna- og unglíngastarf.

Með virku starfi er átt við:

- að sérstaklega sé boðið upp á aðstöðu og þjálfun fyrir alla aldurshópa á grunnskólaaldri og tekið þátt í opinberum mótum eða viðburðum í viðkomandi grein
- að boðið sé upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir öll kyn
- að starfsemi allra aldurshópa sé í boði a.m.k. 6 mánuði á ári
- að innheimt séu æfinga- eða félagsgjöld af iðkendum

Unnið hefur verið að endurskoðun á fyrirkomulagi varðandi hverfisíþróttafélög og styrkjakerfi í tengslum við það. Aðilar eru sammála að halda þeirri vinnu áfram og klára hana í síðasta lagi 1. maí 2024 með það að markmiði að breytingar taki gildi árið 2025.

#### 4. gr.

Íþróttafélögin reka **ýmiss konar** íþrótt- og félagsstarf í þeim íþróttagreinum sem í boði eru hjá viðkomandi félögum. Til að halda utan um þetta starf, skipulagningu þess og þjónustu við iðkendur og foreldra veitir Reykjavíkurborg styrki skv. nánari sundurliðun, sbr. 21. gr. þessa samnings.

Íþróttafélögin halda úti æfingum fyrir börn, unglínga og afreksfólk. Félögin kappkosta að bjóða vel skipulagða og vandaða þjálfun þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa einstaklinga eins og kostur er.

Á samningstímanum munu borgaryfirvöld og ÍBR skoða sérstaklega atriði eins og lengingu æfingatímabils, hlutverk íþróttafulltrúa, þjálfarakostnað félaganna og ~~frístunda~~íþróttakstur í hverfum. Einnig verður styrktarkerfið í heild sinni endurskoðað með einföldun, gegnsæi og jafnræði að leiðarljósi. **Vinna hefur farið fram samkvæmt fyrri samningi og er markmiðið að vinna áfram að útfærslu styrktarkefisins. Stefnt er að því að klára þessa vinnu fyrir 1. maí 2025 og að breytingar taki gildi árið 2026.**

### ~~Grein 5 fer inn í aðrar greinar.~~

~~Mótuð verður ný stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2020-2030. Þau verkefni sem þar koma fram verða unnin í samráði við ÍBR og fagrað ÍTR.~~

~~Stefnt er að því að sem flest íþróttafélög í Reykjavík fái gæðaviðurkenningu fyrirmyndafélags ÍSÍ.~~

#### **5. gr.**

Íþróttafélögin eru aðilar að Frístundakorti **Reykjavíkur** og gera um það sérstakan samning við **MÍR**. Styrkur samkvæmt Frístundakorti er nú **75.000.- kr. á ári**.

ÍBR og íþróttafélögin munu leita allra leiða til að vinna gegn því að efnahagsleg staða barna og fjölskyldna þeirra ráði því hvort börn og ungmenni geti tekið þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Meðal annars verði skoðað hvort veita megi systkinaafslætti til barnmargra fjölskyldna, **að koma á íþróttastuðningsfjölskyldum að norrænni fyrirmynd** eða aðrar leiðir að þessu markmiði. Sérstök áhersla verður lögð á að auka þátttöku barna og ungmenna í þeim hverfum borgarinnar og þeim hópum þar sem þátttakan er undir meðallagi. **MÍR og ÍBR í samvinnu við félögin og fulltrúa íbúa vinni að gerð tillagna í þessu verkefni.**

Komið verði á gagnagrunni til að auðvelda yfirsýn yfir gjalddöku í íþróttastarfi og þjónustu íþróttafélaga í Reykjavík.

#### **6. gr.**

Aðilar eru sammála um að vinna að því að skapa aðstæður fyrir samfelldan skóladag barna með samstarfi við þá aðila sem mikilvægir eru til að það verkefni fái sem bestan framgang.

Til að liðka fyrir samfelldum skóladegi barna mun Reykjavíkurborg styrkja íþróttafélögin til að halda úti svokölluðum **íþróttakstri**. Íþróttafélögin skulu leggja áherslu á að veita nemendum í **1.-2. bekk það svigrúm að ná lágmarks viðveru á frístundaheimilum að skóladegi loknum áður en íþróttæfingar taka við**. Fjárveiting vegna þessa er háð fjárveitingu Reykjavíkurborgar ár hvert. ÍBR annast útdelingu styrkja til íþróttafélaga samkvæmt nánara samkomulagi við Reykjavíkurborg.

~~Í þeim tilvikum sem íþróttafélög taka á móti börnum úr frístundaheimilum vegna íþróttæfinga greiðir Reykjavíkurborg gjald vegna útlagðs kostnaðar og aðstöðu við gæslu barna samkvæmt nánari reglum þar um milli viðkomandi íþróttafélags, Skóla og frístundasviðs (SFS) og skrifstofu MÍR.~~

**MÍR og ÍBR skulu á samningstímanum endurskoða greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar vegna útlagðs kostnaðar og aðstöðu við gæslu barna í 1. – 2. bekk sem koma úr frístundaheimilum. Reglur um frístundakort verði endurskoðaðar með það að markmiði að auka fjölbreytni frístundastarfs og auka enn frekar nýtingu þess óháð uppruna og efnahag, sbr. 5. gr.**

#### 7. gr.

Íþróttafélögin hafa aðstöðu í íþróttamannvirkjum sem þau eiga og/eða reka sjálf og/eða í mannvirkjum sem Reykjavíkurborg á eða hefur gert samninga um leigu á. ÍBR úthlutar íþróttafélagunum æfingatímum í mannvirkjum í samræmi við „Reglur MÍR og ÍBR um styrki til æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum“. Styrkur til íþróttafélaganna er reiknaður vegna afnota þeirra af borgarmannvirkjum. Um mannvirki sem íþróttafélögin reka verður nánar kveðið á um í greiðslusamningum fyrir hvert félag. Íþróttafélagunum ber að fullnýta eigin mannvirki áður en til úthlutunar á tímum í borgarmannvirkjum eða öðrum mannvirkjum kemur til.

#### 8. gr.

Leitast skal eftir því að **draga úr aðstöðumun** ~~afna aðstöðu~~ íþróttagreina vegna mannvirkja sem eru í notkun allt árið, einkum þeirra sem hafa ekki fengið styrki í samræmi við það. Einkum er hér átt við mannvirki íþróttafélaga sem eiga og/eða reka eigin hús en einnig stærri íþróttahús skóla borgarinnar sem mest er þörf á að nýta yfir sumartímum sem og önnur mannvirki sem borgin á eða hefur gert samninga um notkun á.

#### 9. gr.

Til að fyrirbyggja slys og fylgja öryggiskröfum samkvæmt lögum og reglugerðum munu íþróttafélögin ávallt sjá til þess að mannvirki sem þau sjálf reka, auk annars búnaðar, séu í góðu ásigkomulagi. Íþróttafélögin skulu tilkynna MÍR og/eða ÍBR um þörf á úrbótum í þeim mannvirkjum sem þau nota og eru í eigu Reykjavíkurborgar eða hafa verið tekin á leigu af borginni.

Íþróttafélögin skulu hafa í gildi ábyrgðartryggingar sem bæta starfsmönnum, iðkendum og gestum tjón sem íþróttafélögin eru bótaskyld fyrir.

ÍBR mun standa fyrir námskeiðum til aukinnar menntunar starfsmanna íþróttamannvirkja s.s. skyndihjálpar, öryggismál, **persónuverndarmál**, siðamál o.fl.

**ÍBR stendur fyrir fræðsludegi einu sinni á ári fyrir alla þjálfara, starfsfólk og stjórnir.**

**Reykjavíkurborg og ÍBR skulu vinna að greiningu á öruggu aðgengi innan hverfa til og frá aðstöðu íþróttafélaga með það að markmiði að auka öryggi. Almenningssamgöngur verði skoðaðar sérstaklega með það að markmiði að auðvelda aðgengi að aðstöðu til íþróttaiðkunar.**

#### 10. gr.

Meiriháttar viðhald íþróttamannvirkja sem eru í eigu íþróttafélaga verður styrkt af Reykjavíkurborg samkvæmt mati úthlutunarnefndar.

Skipuð skal úthlutunarnefnd með einum fulltrúa MÍR, einum fulltrúa ÍBR og einum fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt USK) sem skulu fara yfir umsóknir um styrki vegna viðhalds. Skulu þeir leggja mat á hvort um meiriháttar viðhald sé að ræða og gera tillögur um úthlutun hvers árs til MÍR og borgarráðs.

Sækja skal fyrirfram um styrkveitingu til MÍR vegna meiriháttar viðhalds- og endurbótaverkefna í íþróttamannvirkjum í eigu félaganna. Styrkveitingar til slíkra verkefna eru ætíð háðar því að þær rúmist innan fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg og ÍBR eru sammála um að fyrirkomulag meiriháttar viðhalds íþróttamannvirkja sem eru í eigu íþróttafélaga verði endurskoðað á samningstímanum.

#### 11. gr.

Hvert hverfisfélag skal hafa a.m.k. einn íþróttafulltrúa í fullu starfi og fær félagið styrk til að standa straum af kostnaði vegna þess. Íþróttafulltrúi skal hafa háskólamenntun á sviði uppeldis, íþrótt- og/eða tómsundamála. Íþróttafulltrúi skal sinna innra starfi félagsins og taka þátt í að samhæfa íþrótt-, æskulýðs- og tómsundastarf í hverfi íþróttafélagsins í samstarfi við aðra er sinna slíku starfi. Ráðningu íþróttafulltrúa skal bera undir ÍBR.

Reykjavíkurborg og ÍBR skulu á samningstímanum endurskoða hlutverk íþróttafulltrúa með það að markmiði að efla starfið og tengja það auknu gæðaeftirliti innan íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík.

Komið verði á samstarfsvettvangi íþróttafélaga/íþróttagreina þar sem mótaðar verði tillögur um leiðir til að draga úr brottfalli innan íþróttafélaga.

Stefnt er að því að sem flest íþróttafélög í Reykjavík fái gæðaviðurkenninguna fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Jafnframt að ÍBR verði fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

#### 12. gr.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að **íþróttastarf sé inngildandi og allir-öll** njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, lítarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnámálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarra stöðu. ÍBR og íþróttafélögin eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virkar siðareglur, eineltis- og jafnréttisáætlanir sem og áætlanir um viðbrögð við hvers kyns ofbeldi til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum. **Hæft verði til Starf íþróttafélaga byggi á og sé í samræmi við** hegðunarviðmið ÍSÍ og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Gott samráð verði á milli sérfræðinga mannréttinda- og **lýðræðisskrifstofu** Reykjavíkur (MAR), ÍBR og MÍR.

Íþróttafélögin skulu bjóða uppá fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku **á jaðarsettum hópum m.a. trans iðkendum** og iðkendum af erlendum uppruna.

Hverfisfélög skulu setja sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahópi endurspegli íbúasamsetningu hverfisins. Gott samstarf verði haft við **þjónustumiðstöðvar** Reykjavíkurborgar sem leiða verkefni til að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum.

~~Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar~~ **Styrkþegar skulu fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, viðbragðsáætlun**

æskulýðsstarfs, siðareglum ÍBR um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi, og leiðbeiningum og verkferlum ÍBR í ofbeldismálum. ~~styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.~~

~~Á samningstímanum verður unnið að siðamálum þar sem íþróttafélögin tilnefna tvo fulltrúa sem aðstoða í málaflokknum innan hvers félags.~~

Verði gerð úttekt á ~~stöðu jafnréttis- og mannréttindamála þessara mála~~ á samningstímanum veiti íþróttafélögin fúslega allar upplýsingar sem á þarf að halda.

### 13. gr.

Reykjavíkurborg og ÍBR skulu vinna sérstaka áætlun um stuðning við íþróttastarf eldra fólks í Reykjavík. Markmiðið er að efla þátttöku eldra fólks til hverskonar hreyfingar og lýðheilsu. Sérstaklega skal horft til starfsemi og aðstöðu íþróttafélaga í Reykjavík og samstarfs við þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara.

### 14. gr.

Reykjavíkurborg styrkir afreksíþróttastarf félaganna **m.a.** með því að gera þeim kleift að nota aðstöðu í borginni. Reykjavíkurborg og ÍBR veita sameiginlega styrki til þeirra félaga sem náð hafa frábærum árangri á hverju ári að mati stjórnar ÍBR.

Reykjavíkurborg og ÍBR vinni markvisst að innleiðingu þeirra þátta úr stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030, sem snúa að afreksíþróttum með sérstaka áherslu á afreksíþróttir kvenna og kvár. Ný afreksstefna stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar verði höfð til hliðssjónar.

Lögð er áhersla á að einstaklingsíþróttagreinar vinni saman þegar kemur að þjálfun, aðstöðu og skipulagi. Þau félög sem ná að æfa saman og samnýta þjálfun og aðstöðu gætu hlotið styrk frá Reykjavíkurborg í gegnum samstarfsverkefni. Fjárveiting vegna þessa er háð fjárveitingu Reykjavíkurborgar ár hvert. ÍBR annast útdeilingu styrkja til íþróttafélaga samkvæmt nánara samkomulagi við Reykjavíkurborg.

### 15. gr.

Reykjavíkurborg veitir íþróttafélögum sem halda sumarnámskeið sömu kjör og sumarnámskeiðum sem haldin eru á vegum borgarinnar hvað varðar aðgangseyri í sundlaugar Reykjavíkurborgar, aðgangseyri í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og annað álíka.

### 16. gr.

Íþróttafélögin skulu fyrir 15. október ár hvert leggja fram áætlun fyrir MÍR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur á næsta ári. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir því hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli íþróttafélaga, ÍBR og MÍR um gerð slíkrar áætlunar.

Skrifstofur MÍR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem koma fram í tillögum ípróttafélaganna.

#### 17. gr.

Skrifstofur MÍR og ÍBR annast greiðslur og uppgjör við ípróttafélögin. ÍBR skal í samvinnu við skrifstofu MÍR gera áætlun um og skilgreina hvað greitt er til hvers félags í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. MÍR heldur eftir fjármunum vegna greiðslu félaganna á fasteignagjöldum og lóðarleigu af eignum félaganna til Reykjavíkurborgar.

Skilyrði fyrir styrkveitingum er að ípróttafélag hafi staðið skil á ársreikningi og starfsskýrslum í samræmi við lög ÍBR. Ársreikningar skulu einnig settir fram með þeim samræmda hætti sem samþykktur hefur verið á þingi ÍBR auk þess sem ársreikningur skal vera aðgengilegur á heimasíðu ípróttafélags. Uppfylli ípróttafélag ekki skilyrði fyrir styrkveitingum hafa ÍBR og skrifstofa MÍR heimild til að stöðva þegar greiðslur til þess. Reykjavíkurborg er heimilt að óska eftir upplýsingum um greiðslustöðu ípróttafélaga hjá Veitum.

Ef sýnt þykir að framlag borgarinnar hafi verið nýtt í öðru skyni en samkvæmt samningi og greiðsluáætlun áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja viðkomandi ípróttafélag um endurgreiðslu á framlögum og eftir atvikum rifta samningi við viðkomandi félag.

ÍBR skal skila skrifstofu MÍR greinargerð um framkvæmd samningsins og ráðstöfun framlaga Reykjavíkurborgar. Greinargerðin skal berast eigi síðar en 15. maí ár hvert.

~~Reykjavíkurborg og ÍBR munu á samningstímanum þróa mælikvarða fyrir ípróttastarf í borginni sem og almenna hreyfingu íbúa Reykjavíkur.~~

Á samningstímanum verður unnið að því að koma á söfnun tölfræðigagna um hreyfingu og ípróttir og um nýtingu mannvirkja, iðkun og aðsókn í Reykjavík í samræmi við stefnu í ípróttamálum til 2030. Lögð verður áhersla á upplýsingar um þátttöku meðal fólks af erlendum uppruna og þátttöku eftir kyni.

#### 18. gr.

Til að styðja og efla ípróttastarf í Reykjavík styrkir Reykjavíkurborg ÍBR til skrifstofureksturs og þjónustu. Í þjónustunni felst úthlutun tíma í ípróttahúsum, úthlutun greiðslna fyrir tímanotkun ípróttafélaga og úthlutun ferðastyrkja. Þá tekur ÍBR að sér ýmis verkefni tengd ípróttastarfi svo sem að vinna að framgangi ípróttahreyfingarinnar í Reykjavík með kynningu og markaðssetningu og sjá um framkvæmd ípróttaviðburða, þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum ípróttaviðburðum s.s. Alþjóðaleikum ungmenna og Grunnskólamóti höfuðborga Norðurlanda. ÍBR mun hafa eftirlit með starfsemi ípróttafélaganna, veita þeim faglega ráðgjöf og stuðning. ÍBR aðstoðar ípróttafélögin og sérráðin við mótahald og skipulagningu annarra ípróttaviðburða. ÍBR skal vinna að því að efla jákvæða ímynd ípróttar og heilbrigðs lífennis og skal stuðla að aukinni þátttöku íbúa Reykjavíkur í ípróttum. Sérstakur samningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR hefur verið gerður vegna viðburða í borginni. Einnig hefur verið gerður sérstakur samningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR um rekstur Skautahallarinnar í Laugardal.



### 19. gr.

Íþróttamannvirki í eigu Reykjavíkurborgar, sem notuð eru til starfsemi á vegum skólanna, standa íþróttafélögunum til afnota utan hins hefðbundna skólatíma. ~~Skrifstofa ÍTR tekur þessi mannvirki á leigu af SFS og ráðstafar þeim til ÍBR.~~ Í samræmi við reglur MÍR og ÍBR um æfingar og keppni úthlutar ÍBR tímum til félaganna en þeim tímum sem eftir eru er ÍBR heimilt að leigja út til almennings, fyrirtækja og annarra, sem stunda vilja íþróttir. Rekstrarafgangur af slíkri leigu skal renna óskertur til reksturs ÍBR. Þetta fyrirkomulag verður endurskoðað samkvæmt endurskoðun styrkja almennt.

MÍR og ÍBR skoði sérstaklega tækniþróun til hagkvæms rekstrar íþróttamannvirkja m.a með endurskoðun á aðgangsstýringarkerfum vegna útleigu á tímum til almennings.

### 20. gr.

Reykjavíkurborg mun á samningstímanum leggja fram endurskoðaða áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni á næstu árum.

### 21. gr.

Reykjavíkurborg mun í fjárhagsáætlun hverju sinni gera ráð fyrir styrkjum til ÍBR og íþróttafélaga, en styrkir þessir eru greiddir íþróttafélögum í gegnum ÍBR, nema styrkir vegna framkvæmda og viðhalds og reksturs borgarmannvirkja og mannvirkja sem Reykjavíkurborg leigir af öðrum aðilum. Styrkveitingar eru þessar (sjá fylgiskjal):

- 1- Styrkur vegna húsaleigu og æfingastyrkja félaganna og vegna íþróttafulltrúa og þjónustu félaga, samkvæmt reglum ÍBR og MÍR. Skrifstofa MÍR heldur eftir hlut félaganna vegna fasteignaskatta og greiðir til fjármála- og áhættustýringarsviðs sbr. 7. og 17. gr. ~~Fjárfesting 2020: 972.583.000.-~~
- 2- Styrkur til viðhaldsverkefna og framkvæmda samkvæmt samningum þar að lútandi, sbr. 10. gr. ~~Fjárfesting 2020 vegna viðhaldsverkefna 60.000.000.-~~
- 3- Styrkir til reksturs skrifstofu ÍBR sbr. 18. gr., reksturs sérráða innan ÍBR, ferðastyrkir, viðburðahalds, þátttöku í Grunnskólamáti höfuðborga Norðurlanda, Alþjóðaleika ungmenna o.fl. ~~Fjárveiting 2020: kr. 79.598.000.-~~
4. Styrkur vegna afnota félaganna af mannvirkjum MÍR, skóla, Egilshöll, Keiluhöll, Laugardalshöll, Laugardalsvelli, Fylkisseli, fimleikahúsi á Seltjarnarnesi, knatthúsi og frjálsíþróttavelli í S-Mjódd o.fl. er ~~kr. 1.540.472.-~~. Skrifstofa MÍR annast uppgjör á húsaleigu- og æfingastyrkjum í þessum mannvirkjum skv. 19. gr.
5. Innri leiga
6. Íþrótttakstur ~~Frístundaakstur alls kr. 22.248.000.-~~

~~Alls fjárfestingar vegna 2020: kr. 2.674.910.000~~

Fjárhæðir samkvæmt samningi þessum skulu verðbætast frá undirritun samningsins allt til greiðsludags þeirra. Þegar fjárhæðir samkvæmt samningi þessum eru greiddar skal helmingur þeirra verðbættur samkvæmt neysluvísitölu og helmingur samkvæmt launavísitölu.

Fjárveitingar eru háðar því að þær verði samþykktar í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

#### 22. gr.

Reykjavíkurborg og ÍBR gera með sér samkomulag um greiðslur og aðra framkvæmd vegna styrkja fyrir hvert fjárhagsár sem lagt skal fyrir MÍR og stjórn ÍBR að aflokinni samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar hvers árs. Skrifstofa MÍR mun annast öll fjárhagsleg samskipti milli Reykjavíkurborgar og ÍBR.

#### 23. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að til að auka og efla samskipti sín á milli hafi MÍR og ÍBR rétt á áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, á stjórnarfundum ÍBR og fundum fagráðs MÍR.

ÍBR og íþróttafélögin skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þau njóti styrkja frá Reykjavíkurborg.

ÍBR og íþróttafélögin skulu gera MÍR grein fyrir, sé þess óskað, með hvaða hætti styrkveiting Reykjavíkurborgar sé nýtt hverju sinni.

#### 24. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka árið **2026**. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða ef forsendur fyrir rekstri íþróttamannvirkjanna breytast. Gert er ráð fyrir að samningur þessi verði tekinn til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal þó fara fram eigi síðar en 1. **mars 2026** og mat lagt á árangur samstarfs liðinna ára og á framhald samningsins.

#### 25. gr.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skulu aðilar skipa sinn hvorn fulltrúa í sáttanefnd og koma sér saman um hlutlausan oddamann. Nefndin skal skera úr ágreiningi og er úrskurður hennar bindandi.

Samningur þessi er 10 tölusettar blaðsíður og gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern aðila.

Reykjavík,

2024

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

---

F.h. íþróttafélaga með aðild að ÍBR

---

Samþykkt í borgarráði \*\*.\*\*. 2024

Samþykkt í stjórn ÍBR \*\*.\*\*. 2024

Fylgiskjöl;

Fjárhagsáætlun 2024

Kynningarstarf og starfsvettvangur íþróttafélaga í Reykjavík vegna samstarfssamnings milli ÍBR, íþróttafélaganna og Reykjavíkurborgar.

## Fjárhagsáætlun 2024

Fylgiskjal við samstarfssamning Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. Íþróttafélaga í Reykjavík

Greiðslur samkvæmt 21. grein samningsins eru eftirfarandi fyrir árið 2024;

1. Styrkur vegna húsaleigu og æfingastyrkja félaganna og vegna íþróttafulltrúa og þjónustu félaga, samkvæmt reglum ÍBR og MÍR. Skrifstofa MÍR heldur eftir hlut félaganna vegna fasteignaskatta og greiðir til fjármálaskrifstofu sbr. 8. og 17. gr. Fjárfesting 2024: ~~972.583.000.-~~ 1.032.059.000.-
2. Styrkur til viðhaldsverkefna og framkvæmda samkvæmt samningum þar að lútandi, sbr. 11. gr. Fjárfesting 2024 vegna viðhaldsverkefna kr. ~~60.000.000.-~~ 30.000.000.-
3. Styrkir til reksturs skrifstofu ÍBR sbr. 18. gr., reksturs sérráða innan ÍBR, ferðastyrkir, viðburðahalds, **jafnréttismála**, þátttöku í Grunnskólamóti höfuðborga Norðurlanda, Alþjóðaleikum ungmenna, o.fl. Fjárveiting 2024: kr. ~~79.598.000.-~~ 101.223.000.-
4. Styrkur vegna afnota **íþróttafélaga ÍBR** af mannvirkjum MÍR, skóla, Egilshöll, Keiluhöll, Laugardalshöll, Laugardalsvelli, Fylkisseli, fimleikahúsi á Seltjarnarnesi, knatthúsi, gervigrasvellir og frjálsíþróttavelli í S-Mjódd o.fl. er kr. ~~1.540.472.-~~ 2.428.948.199 árið 2024 Skrifstofa MÍR annast uppgjör á húsaleigu- og æfingastyrkjum í þessum mannvirkjum skv. 19. gr.
5. Innri leiga af íþróttahúsum kr. 2.466.484.444
6. Íþróttakstur alls kr. ~~22.248.000.-~~ 27.388.000.- árið 2024

Fjárveitingar alls árið 2024 kr. 6.086.102.643

Fjárhæðir samkvæmt samningi þessum skulu verðbætast frá undirritun samningsins allt til greiðsludags þeirra. Þegar fjárhæðir samkvæmt samningi þessum eru greiddar skal helmingur þeirra verðbættur samkvæmt neysluvísitölu og helmingur samkvæmt launavísitölu.

Fjárveitingar eru háðar því að þær verði samþykktar í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

## **Kynningarstarf og starfsvettvangur íþróttafélaga í Reykjavík vegna samstarfssamnings milli ÍBR, íþróttafélaganna og Reykjavíkurborgar.**

Markaðs- og kynningarstarf félaganna miðast við þau starfssvæði sem talin eru upp hjá viðkomandi félagi.

Þegar íþróttagrein er ekki í boði hjá viðkomandi félagi þá skapast tækifæri fyrir önnur félög að kynna þá grein í því hverfi.

### **Glimufélagið Ármann**

Starfssvæði félagsins er norðan Miklubrautar, Suðurlandsbrautar og Laugavegar að Snorrabraut í vestri og að ~~Sæbraut~~ að Gullinbrú í austri. Á starfssvæði félagsins eru Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli, Langholtsskóli og Vogaskóli. Að auki sinnir sunddeild Ármanns í Árbæjarhverfi.

### **Knattspyrnufélagið Þróttur**

Starfssvæði félagsins er norðan Miklubrautar, Suðurlandsbrautar og Laugavegar að Snorrabraut í vestri og að ~~Sæbraut~~ að Gullinbrú í austri. Á starfssvæði félagsins eru Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli, Langholtsskóli og Vogaskóli.

### **Knattspyrnufélag Reykjavíkur**

Starfssvæði KR er vestan Lækjargötu, Tjarnarinnar og flugvallarsvæðis. Á starfssvæði KR eru Hagaskóli, Melaskóli, Vesturbæjarskóli, Grandaskóli og Landakotsskóli.

### **Knattspyrnufélagið Valur**

Starfssvæði Vals afmarkast af Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Flugvallarsvæði í vestri, Laugavegi að Snorrabraut í norðri og Kringlumýrarbraut í austri. Á starfssvæði Vals eru Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli og Háteigsskóli.

### **Knattspyrnufélagið Víkingur**

Starfssvæði Víkings er sunnan Miklubrautar milli Grensásvegur og Reykjanesbrautar og sunnan Suðurlandsbrautar milli Grensásvegur og Kringlumýrarbrautar. Á starfssvæði Víkings eru Fossvogsskóli, Réttarholtsskóli, Breiðagerðisskóli, Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli Háaleitisskóli.

### **Íþróttafélag Reykjavíkur**

Starfssvæði ÍR er Breiðholtshverfi. Á starfssvæði ÍR eru Seljaskóli, Ölduselsskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli.

### **Íþróttafélagið Fylkir**

Starfssvæði Fylkis er Árbæjarhverfi, Ártúnshverfi, Seláshverfi og Norðlingaholt. Á svæði félagsins er Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Selásskóli og Norðlingaskóli.

### **Knattspyrnufélagið Fram**

Starfssvæði Fram miðast við Grafarholt og Úlfarsárdal. Á starfssvæði Fram eru Ingunnarskóli, Sæmundarskóli og Dalskóli.

### **Ungmennafélagið Fjölnir**

Starfssvæði Fjölnis er Grafarvogshverfi og Bryggjuhverfi. Á svæði Fjölnis eru Hamraskóli, Foldaskóli, Húsaskóli, Vættarskóli, Kelduskóli og Rimaskóli.

### **Ungmennafélag Kjalnesinga**

Starfssvæði félagsins er Kjalarnes. Á starfssvæði Kjalnesinga er Klébergsskóli.

**Nokkur félög sem ekki eru hverfafélög hafa afmarkað starfssvæði í tiltekinni íþróttagrein í næsta nágrenni við aðstöðu sína:**

### **Júðófélag Reykjavíkur**

Starfssvæði JR miðast við Kringlumýrarbraut að vestan, Bústaðaveg að sunnan, Suðurlandsbraut að norðan og Grensásveg að austan. Á starfssvæði JR er Háaleitisskóli.

### **Skautafélag Reykjavíkur**

Starfssvæði SR er norðan Suðurlandsbrautar og Laugavegar að Snorrabraut í vestri og að Elliðaám í austri. sunnan. Á starfssvæði félagsins eru Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli, Langholtsskóli og Vogaskóli.

### **Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur**

Starfssvæði TBR er norðan Suðurlandsbrautar og Laugavegar að Snorrabraut í vestri og að Elliðaám í austri. sunnan. Á starfssvæði félagsins eru Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli, Langholtsskóli og Vogaskóli.

### **Karatefélag Reykjavíkur**

Starfssvæði félagsins er norðan Suðurlandsbrautar og Laugavegar að Snorrabraut í vestri og að Elliðaám í austri. sunnan. Á starfssvæði félagsins eru Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli, Langholtsskóli og Vogaskóli.

### **Karatefélagið Þórshamar**

Starfssvæði Þórshamars afmarkast af Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Flugvallarsvæði í vestri, Laugavegi að Snorrabraut í norðri og Kringlumýrarbraut í austri. Á starfssvæði félagsins eru Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli og Háteigsskóli.

### **Hnefaleikafélag Reykjavíkur**

Starfssvæði félagsins afmarkast af Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Flugvallarsvæði í vestri, Laugavegi að Snorrabraut í norðri og Kringlumýrarbraut í austri. Á starfssvæði félagsins eru Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli og Háteigsskóli.

### **Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur**

Starfssvæði félagsins afmarkast af Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Flugvallarsvæði í vestri, Laugavegi að Snorrabraut í norðri og Kringlumýrarbraut í austri. Á starfssvæði félagsins eru Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli og Háteigsskóli.

**Dansfélag Reykjavíkur**

Starfssvæði DR er sunnan Miklubrautar milli Grensásvegar og Reykjanesbrautar og sunnan Suðurlandsbrautar milli Grensásvegar og Kringlumýrarbrautar. Á starfssvæði DR eru Fossvogsskóli, Réttarholtsskóli, Breiðagerðisskóli og Háaleitisskóli.

**Dansfélagið Bildshöfði**

Starfssvæði félagsins er Árbæjarhverfi, Ártúnshverfi, Seláshverfi og Norðlingaholt. Á svæði félagsins er Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Selásskóli og Norðlingaskóli.

**Íþróttafélagið Leiknir**

Starfssvæði Leiknis í knattspyrnu afmarkast af Fella- og Hólahverfi í knattspyrnu. Á starfssvæði Leiknis eru Fellaskóli og Hólabrekkuskóli.

**Sundfélagið Ægir**

Starfssvæði Ægis í sundi er Breiðholtshverfi. Á starfssvæði Ægis eru Seljaskóli, Ölduselsskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli.

**Golfklúbbur Reykjavíkur**

Starfssvæði GR er Grafarvogshverfi og Bryggjuhverfi, Grafarholt og Úlfarsárdalur. Á svæði GR eru Hamraskóli, Foldaskóli, Húsaskóli, Vættarskóli, Kelduskóli, Rimaskóli, Ingunnarskóli, Sæmundarskóli og Dalskóli.

**Golfklúbbur Brautarholts**

Starfssvæði félagsins er Kjalarnes. Á starfssvæði GBR er Klébergsskóli.

**Hjólreiðafélag Reykjavíkur**

Starfssvæði félagsins er Árbæjarhverfi, Ártúnshverfi, Seláshverfi og Norðlingaholt. Á svæði félagsins er Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Selásskóli og Norðlingaskóli.

**Hnefaleikafélagið Æsir**

Starfssvæði félagsins er Árbæjarhverfi, Ártúnshverfi, Seláshverfi og Norðlingaholt. Á svæði félagsins er Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Selásskóli og Norðlingaskóli.

**Keilufélag Reykjavíkur**

Starfssvæði félagsins er Grafarvogshverfi og Bryggjuhverfi. Á svæði félagsins eru Hamraskóli, Foldaskóli, Húsaskóli, Vættarskóli, Kelduskóli og Rimaskóli.